

ALDARAFMÆLI Í HVALSNESKIRKJU

Þann 1. nóvember síðastliðinn, var þess minnst að hundrað ár voru liðin frá því að lokið var við byggingu Hvalsneskirkju og hún vígð, á jóladag árið 1887.

Hátíðarguðþjónusta var haldin kl. 16, að viðstöddu miklu fjölmenni, svo miklu að einungis hluti mannfjöldans komst fyrir í sjálfri kirkjunni. Því varð úr að í Hvalsneskirkjunni var komið fyrir sjónvarps-skermum í nokkrum herbergjum, þar sem fólk gat fylgst með athöfninni og var þar þétt setið.

Áður er guðsþjónustan hófs gengu hempuklæddir prestar ásamt frú Halldóra Thorlacius sóknarnefndarformanni og forseta Íslands frú Vigdísí Finnbogadóttur sem var í broddi fylkingar, til kirkju. Undir-



Velunnarar Hvalsneskirkju gáfu rausnarlegar gjafir í tilefni afmælisins. Hér á myndinni ber sóknarpresturinn, sr. Hjörtur Magni, stólu sem gefin var, en hún er m.a. skreytt steinum úr landi kirkjunnar. Á myndinni sjást einnig útskorin grafartól og á altarinu stendur fagurlega skreyttur kross.

ritaður þjónaði fyrir altari og prófasturinn sr. Bragi Friðriksson predikaði. Hrafnhildur Guðmundsdóttir söngkona, flutti stólversió, „Friður á jörðu“, eftir Árna Thorsteinsson, ljóð e. Guðmund Guðmundsson. David Knowles annaðist orgelundirleik. En Hrafnhildur er dóttir sr. Guðmundar Guðmundssonar fyrrum sóknarprests á Útskálum og hefur hann þjónað Hvalsnessókn um áraraðir.

Að lokinni messunni ávarpaði frú Halldóra Thorlacius kirkjugesti fyrir hönd sóknarnefndar og bauð til kaffisamsætis í Samkomuhúsinu í Sandgerði. Þar var húsfyllir eins og vænta mátti og nutu allir afmælisgestir, þeirra höfðinglegu veitinga sem þar voru fram bornar.

Iðunn Gróa Gísladóttir frá Hvalsnesi, flutti fróðlegt erindi um Hvalsneskirkju og sögu hennar og var það mjög upplýsandi fyrir alla sem á hlýddu. Krikjukór Hvalsneskirkju sem hafði áður leitt safnaðargögn í hátíðarmessunni undir stjórn Frank Herlufsens organista, söng nokkur lög og leiddi síðan fjölda-söng.

Þá voru margir sem ávörpuðu samkomuna og má þar nefna fyrrverandi sóknarprest sr. Guðmund Guðmundsson og prófastinn sr. Braga Friðriksson.

Í tilefni af 100 ára afmæli kirkjunnar voru gefnir út áletraðir plattar með mynd af Hvalsneskirkju. Frú Halldóra Thorlacius afhenti nokkrum velunnurum kirkjunnar númeraða platta til eignar og má þar helst nefna; sr. Guðmund Guðmundsson fvr. sóknarprest, Guðmund Guðmundsson á Bala fvr. meðhjálpara, prófastinn sr. Braga Friðriksson, Guðrúnu Guðmundsdóttur ekkju sr. Eiríks Brynjólfssonar, og Katrínu Brynjólfadóttur, systur sr. Eiríks heitins en þær gátu þó ekki verið viðstaddir og voru þeim færðir plattarnir síðar.

Kirkjunni bárust margar merkar og rausnarlegar gjafir í tilefni þessara tímamóta. Af munum sem gefnir voru í kirkjuna sjálfa má nefna:

- Kross á altari sem finnst var til minningar um Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Bala. Gefendur voru Guðmundur Guðmundsson frá Bala, börn þeirra og tengdabörn.
- Stóla, sem hönnuð var og ofin af listakonunni Ingibjörgu Styrgerði Haraldsdóttur. Gefendur voru fjölskyldurnar frá Hvalsnesi.
- Útskorin grafartól, gefin af Kjalarnesprófastsdæmi.

AEG-UMBODIÐ

Við bjóðum uppá fjölbreytt úrval af heimilistækjum og handverkfærum frá hinu þekktu AEG fyrirtæki.

Einnig rafvörur, ljós og lampar í miklu úrvali.

Einnig bjóðum við uppá ráðgjafa- og rafverktakaþjónustu.

RAFBÆR

HAFNARGÖTU 18 — SÍMI 14221